

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál nr. 11/2022-2023

Kærandi: Bragi Guðbrandsson.

Kærðu: RÚV og Kristín Sigurðardóttir fréttamaður.

Kæruefni:

Kærð er frétt í fréttatíma RÚV-Sjónvarps þann 15. september 2022 þar sem fjallað var um útgáfu Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála (GEV) á skýrslu um ætlað ofbeldi gagnvart vistbörnum á meðferðarheimilinu Varpholti/Laugalandi og skort á fullnægjandi eftirliti af hálfa opinberra aðila á nánar tilgreindu tímabili.

Málsmeðferð:

Kærðan barst skrifstofu Blaðamannafélagsins í tölvupósti þann 11. nóvember 2022. Siðanefndin óskaði eftir andsvörum kærðu þann 14. nóvember og bárust þau þann 5. desember. Siðanefnd fjallaði um málið á fundi þann 6. desember og afgreiddi rafrænt 2.-3. janúar 2023. Afgreiðsla málsins drógt vegna erils og fjarveru nefndarmanna um jól og áramót.

Málavextir:

Kvartað er yfir tveimur ummælum fréttamanns, annars vegar þess efnis að kærandi, sem þá var forstjóri Barnaverndarstofu, og forstöðumaður heimilisins hafi verið félagar og farið saman út að borða og hins vegar ummælum þar sem fram kom að kærandi hafi fengið afrit af kvörtunum vegna heimilisins og að hann hafi næsta dag sent ráðherra minnisblað og lagt „áherslu á mikilvægi þess að forða málínunum frá kastljósi fjölmölda til að hlífa forstöðuhjónunum og börnum þeirra við frekari sársauka.“ Að auki kvartar kærandi yfir því að fréttamaðurinn hafi enga tilraun gert til að hafa samband við kæranda fyrir fréttalutninginn til að „sannreyna réttmæti hans“.

Kærandi sakar kærðu um brot á 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands, þar sem fram kemur að blaðamaður skuli vanda upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur sé og sýna fyllstu tillitssemi í vandasömum málum.

Í fyrsta lagi með ummælum fréttamannsins í fréttinni þar sem sagði: „*Forstjóri Barnaverndarstofu og forstöðumaður heimilisins hafi verið félagar og farið saman út að borða.*“ Telur kærandi ummælin ekki byggja á niðurstöðu skýrslunnar þar sem ekkert hafi verið fullyrt um vináttu þessara aðila enda séu „*slíkar staðhæfingar ósannar með öllu*“.

Í öðru lagi telur kærandi það brot á siðareglum þar sem fullyrt var í fréttinni að kærandi hafi fengið afrit af kvörtunum (minnisblöðum) vegna heimilisins og „*að hann hafi næsta dag sent ráðherra minnisblað og lagt „áherslu á mikilvægi þess að forða málínunum frá kastljósi fjölmölda til að hlífa forstöðuhjónunum og börnum þeirra við frekari sársauka*“.“ Kærandi bendir á að í skýrslunni komi fram að ráðherra hafi tvisvar fengið afrit af kvörtunum vegna heimilisins og í fréttinni sé látið að því liggja að forstjórinn hafi beitt sér í þeim báðum, en rétt sé að í skýrslunni sé aðeins vísað til eins minnisblaðs frá forstjóranum til ráðherra.

Í þriðja lagi finnur kærandi að því að ekki hafi verið haft samband við hann fyrir fréttatflutninginn til að sannreyna réttmæti hans.

Umfjöllun:

Í umræddri frétt er fjallað um greinargerð eða skýrslu GEV um starfsemi meðferðarheimilisins sem kynntar höfðu verið fyrir mennta- og barnamálaráðherra sem og félags- og vinnumarkaðsráðherra. Stofnuninni hafði verið falið af ríkisstjórninni að kanna hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð höfðu verið á umræddu meðferðarheimili á tilteknum tíma hafi sett illri meðferð, andlegu eða líkamlegu ofbeldi á meðan dvöl þeirra á meðferðarheimilinu stóð.

Fyrri ummæli fréttarinnar sem kærandi finnur að í kæru sinni lúta að meintri vináttu kæranda og forstöðumanns meðferðarheimilisins. Þvert á það sem kærandi heldur fram um að ekkert sé fullyrt um það í skýrslunni, kemur þar fram að vistbörn hafi ekki treyst þeim eftirlitsaðilum sem komu á heimilið til að tala við börnin vegna tengsla þeirra við forstöðuhjónin. Í niðurstöðukafla hennar, sem ber fyrirsögnina „*Vantraust*“, er sú upplifun barnanna ítrekuð. Ummæli fréttarinnar um að mennirnir hafi verið „*félagar og farið saman út að borda*“ eru sótt beint í ummæli eins viðmælanda skýrslunnar.

Efni skýrslunnar á óumdeilanlega erindi til almennings. Hún er opinbert gagn sem kynnt hefur verið ráðherrum ríkisstjórnarinnar og telur nefndin eðlilegt að blaðamenn fjalli um efni slíkra skýrslna án þess að gera verði þá kröfu að þeir kanni sannleiksgildi alls þess sem kemur þar fram. Í því ljósi telur Siðanefnd að ummælin brjóti ekki gegn 3. gr. siðareglina.

Seinni ummælin lúta að því að kærandi hafi fengið afrit af kvörtunum vegna vistheimilisins í tvígang og sent ráðherra minnisblað vegna þessa „*næsta dag*“, sem skilja megi svo að kærandi hafi í tvígang sent ráðherra minnisblað þegar hið rétta er að það var aðeins upp á teningnum í annað skiptið sem kærandi fékk afrit af slíkum kvörtunum.

Í fréttinni sagði að ráðherra hafi tvívegis verið láttinn vita af kvörtunum, árin 2001 og 2002. „*Forstjóri Barnaverndarstofu fékk afrit af þeim og segir í skýrslunni að hann hafi næsta dag sent ráðherra minnisblað og lagt „áherslu á mikilvægi þess að forða málínun frá kastljósi fjlölmíðla til að hlifa forstöðuhjónunum og börnum þeirra við frekari sársauka,*“ segir orðrétt í fréttinni í kjölfarið.


Nefndin tekur undir að skilja mætti fréttina þannig að kærandi hafi sent ráðherra minnisblað í kjölfar kvartananna sem bárust bæði árin og telur að orðalag fréttarinnar um að aðeins hafi verið að ræða eitt minnisblað hefði mátt vera skýrara. Nefndin telur þó að þessi óskýrleiki leiði ekki til þess að um brot á 3. gr. siðareglina sé að ræða.

Þá finnur kærandi að því að ekki hafi verið haft samband við hann fyrir fréttatflutninginn til að sannreyna réttmæti hans. Nefndin telur að blaðamönnum sé ekki skyld að hafa samband við öll þau sem koma fyrir í skýrslum eða greinargerðum yfirvalda til að sannreyna réttmæti þess sem þar kemur fram og getur slíkt eitt og sér því ekki leitt til þess að um brot á 3. gr. siðareglanna sé að ræða.


Úrskurður:

Kærðu, RÚV og Kristín Sigurðardóttir fréttamaður, teljast ekki hafa brotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands.


Reykjavík 3. janúar 2023




Friðrik Þór Guðmundsson




Ásgeir Þór Árnason



Emma Björg Eyjólfssdóttir



Fanney Birna Jónsdóttir



Pálmi Jónasson